



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 430 8000

Tryggingamiðstöðin hf.
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Ísafjörður, 20. ágúst 2020
2011120009

Efni: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra – Hjúkrunarheimilið Eyri

Vísað er til bréfs TM, dags. 6. maí sl., þar sem kröfu Ísafjarðarbæjar í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna skemmda á múrklæðningu hjúkrunarheimilisins Eyri á Ísafirði var hafnað, sbr. bréf undirritaðs frá 31. mars sl.

Þeirri afstöðu sem lýst er í nefndu bréfi TM er hér með mótmælt. Ekki er unnt að fallast á að umrædda ágalla sé að rekja til skorts á faglegrri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara, sem byggingarstjóri beri ekki á ábyrgð á skv. síðari málslið 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Eins er ekki fallist á að umræddir ágallar séu óverulegir eða feli ekki í sér stórfellda vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara, sbr. 5. mgr. 29. gr. sömu laga. Öðrum sjónarmiðum er koma fram í bréfi TM er jafnframt mótmælt.

Afstaða Ísafjarðarbæjar er sem fyrr sú að umræddir ágallar séu þess eðlis að byggingarstjóri beri ábyrgð á þeim skv. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Ágallana sé að rekja til þess að samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laganna var ekki fylgt við framkvæmd viðkomandi verkþátta. Með slíku átti byggingarstjóri að hafa virkt eftirlit, verða ágallans var, gera viðkomandi iðnmeistara aðvart og krefjast úrbóta. Það gerði byggingarstjóri ekki. Umræddir ágallar komu því ekki í ljós fyrr en mannvirkið var tekið í notkun, svo sem lýst er í kröfubréfi Ísafjarðarbæjar. Úr þeim hefur ekki verið bætt og telja má ljóst að þá megi rekja til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara. Af þeim sökum beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart Ísafjarðarbæ, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Vísast hér jafnframt til fyrri másl. 7. mgr. 29. gr. laganna, en ljóst þykir að vegna umræddra ágalla hafi Ísafjarðarbær hlotið tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi, sem hann ber skaðabótaábyrgð á skv. almennum reglum.

Rétt er að taka sérstaklega fram að í úttekt Verkís, dags. 29. apríl 2019, kemur fram að „frágangur á áfellum við þakbrúnir er ástæða fyrir flestum múrskemmdum á húsinu“. Í þessu felst nánar að umrædda ágalla er að rekja til þess að áfellur voru teknar í sundur við þakbrúnir og á fleiri stöðum, þvert á það sem fram kemur í hönnunargögnum og verklýsingum. Sjá hér meðfylgjandi gögn þ.e. verklýsing og deili. Er því ekki rétt að frágangur á þakkanti sé í samræmi við fyrirliggjandi deiliteikningu, svo sem fram kemur í

bréfi TM, né að umrædda ágalla megi rekja til ófaglegrar framkvæmdar verkþátta í skilningi síðari máls. 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010.

Einnig er rétt að taka fram að af hálfu Ísafjarðarbæjar er unnið að því að meta nánar orsök umræddra ágalla og tjón bæjarins vegna þeirra. Þegar það mat liggur fyrir mun því vera komið á framfæri við TM. Er vakin athygli á þessu hafi TM hug á að hafa aðkomu að því mati, eða láta framkvæma eigið mat á orsökum umræddra ágalla og tjóni vegna þeirra, en ljóst er að ekkert slíkt lá til grundvallar afstöðu TM.

Afstöðu TM er sem fyrr segir mótmælt. Er áréttuð krafa Ísafjarðarbæjar, um að TM staðfesti ábyrgð félagsins og skorað á TM að endurskoða afstöðu sína.

Af hálfu Ísafjarðarbæjar er allur réttur áskilinn, þ.á m. til að bera málið undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og/eða dómstóla.

Virðingarfyllt
ÍSAFJARÐARBÆJAR
Axel Rodríguez Överby
- sviðsstjóri umhverfis- og bignasviðs -